



---

# FORELDRAHANDBÓK LEIKSKÓLINN TRÖLLABORG

---



Leikum og lærum



2020  
Sveitarfélagið Skagafjörður

## Efnisyfirlit

1.	Hagnýtar upplýsingar.....	3
2.	Yfirstjórn leikskólamála .....	4
3.	Sérfræðipjónusta .....	4
4.	Aðalnámskrá leikskóla - skólanámskrá .....	4
	Skólanámskrá .....	4
5.	Hugmyndafræði Tröllaborgar .....	5
6.	Að byrja í leikskóla - aðlögun .....	5
7.	Leikur og starf .....	5
	Að koma og fara.....	6
	Matmálstímar.....	6
	Hvöld.....	7
	Hreinlæti .....	7
	Frágangur og snyrtimennska .....	7
	Samverustundir/söngstundir .....	7
	Hópastarf .....	7
	Skólahópur .....	8
	Leikurinn.....	8
	Útivera.....	8
	Vettvangsferðir .....	8
	Útikennsla .....	8
	SMT.....	8
	Læsi .....	9
	Sköpun .....	9
8.	Hátíðir og hefðir .....	9
	Afmæli barnanna.....	9
	Nóvemberskemmtun.....	9
	Piparkökuskreyting .....	9
	Litlu jólin.....	9
	Dagur leikskólans .....	10
	Þorablót.....	10
	Öskudagur.....	10

Málverkasýning og brautskráning .....	10
9. Hagnýtar upplýsingar.....	10
Mánaðarskipulag - Matseðill.....	11
Forstofa .....	11
Klæðnaður.....	11
Bleiur.....	12
Fjarvistir - Veikindi barna .....	12
Veikindi.....	12
Hliðið og aðkeyrslan .....	13
Útblástur.....	13
Dýrahald .....	13
Óhöpp og slys.....	13
Sérfæði.....	14
Móttaka lyfja .....	14
Foreldraviðtöl.....	14
Dvalartími .....	14
Leikskólagjöld .....	14
Breyting á vistunartíma.....	15
Þegar börn hætta í leikskólanum .....	15
Skipulagsdagar – námskeiðsdagar.....	15
Starfsmannafundir.....	15
Óveður.....	16
10. Foreldrasamvinna .....	16
Foreldrafundur .....	16
Voruppákoma .....	16
Foreldrafélag .....	16
Foreldraráð.....	17
Áheyrnafulltrúi í fræðslunefnd .....	17
11. Samstarf leik- og grunnskóla .....	17
12. Lokaorð.....	17

Ágætu foreldrar

Við viljum byrja á að bjóða barnið og ykkur hjartanlega velkomin í leikskólann Tröllaborg með von um gott og farsælt samstarf á komandi árum. Hér á eftir má finna allar helstu upplýsingar um leikskólann og það starf sem hér fer fram. Ef eitthvað er óljóst viljum við hvetja foreldra til að vera ófeimna að leita upplýsinga hjá starfsfólki leikskólans.

Eins og öllum er ljóst er ekkert venjulegt árferði í samfélaginu núna vegna COVID-19. Við reynum eins og hægt er og innan takmarkana um skólastarf á tímum farsóttu, að hafa starfið eins óbreytt og hægt er. Óhjákvæmilega geta viðburðir, samstarf og annað starf leikskólans frestast eða fallið niður vegna takmarkana á skólastarfi. Samkvæmt tilskipun Almannaþingarinnar og Landlæknis hefur leikskólinn gert sér öryggisáætlun vegna flensufaraldurs, sjá [hér](#).

## **1. Hagnýtar upplýsingar**

### **Heimilisföng og símanúmer**

Tröllaborg Hólum, 551 Sauðárkrókur

Sími: 453-5760

Tröllaborg Hofsósi, Túngötu 10, 565 Hofsós

Sími: 453-7333

### **Leikskólastjóri:**

- Jóhanna Sveinbjörg Traustadóttir  
Sími: 696-3869  
Netfang: [trollaborg@skagafjordur.is](mailto:trollaborg@skagafjordur.is)

### **Staðgengill leikskólastjóra:**

- Eyrún Berta Guðmundsdóttir
- Netfang: [eyrunb@skagafjordur.is](mailto:eyrunb@skagafjordur.is)

### **Deildarstjórar:**

- Ásrún Leósdóttir, Barnaborg Hofsósi  
Netfang: [asrunleos@skagafjordur.is](mailto:asrunleos@skagafjordur.is)
- Christine Hellwig, Brúsabæ Hólum  
Netfang: [christineh@skagafjordur.is](mailto:christineh@skagafjordur.is)

**Heimasíða Tröllaborgar:** <http://trollaborg.skagafjordur.is>

## **Opnunartími Tröllaborgar**

Leikskólinn Tröllaborg er tveggja deilda leikskóli starfræktur í tveimur byggðalögum. Opnunartíminn er mismunandi eftir deildum og ræðst það að hluta til af notkunarpörf.

### **Á Hofsósi er opnunartíminn:**

- Frá kl. 08:00 til kl. 16:00 frá mánudegi til fimmtudags
- Frá kl. 08:00 til kl. 15:00 á föstudögum

### **Á Hólum er opnunartíminn:**

- Frá kl. 07:45 til kl. 16:15 alla virka daga vikunnar.

## **2. Yfirstjórn leikskólamála**

Málefni leikskóla heyra undir fræðslunefnd og fjölskyldusvið Skagafjarðar.

Sviðstjóri fjölskyldusviðs er Herdís Á. Sæmundardóttir og fræðslustjóri er Selma Barðdal.

## **3. Sérfræðipjónusta**

Leikskólar Skagafjarðar hafa aðgang að sérfræðipjónustu frá fjölskyldusviðinu; talmeinafræðingi, sálfræðingi og þroskaþjálfara.

## **4. Aðalnámskrá leikskóla - skólanámskrá**

Aðalnámskrá leikskóla er gefin út af Menntamálaráðuneytinu og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf. Náms sviðin í Aðalnámskránni eru fjögur talsins: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Ný Aðalnámskrá leikskóla kom út 2011. Hægt er að nálgast Aðalnámskrána á <http://www.menntamalaraduneyti.is/>

### **Skólanámskrá**

Skólanámskrá leikskólans er yfirlýsing um þá hugmyndafræði, skipulag, vinnubrögð og gildi sem lögð eru til grundvallar í starfi leikskólans. Hún byggir á menningararfi samfélagsins, sem við teljum að sé mikilvægt að komið sé á leiðis til næstu kynslóðar. Skólanámskráin gerir skólastarfið sýnilegra fyrir alla. Skólanámskrá Tröllaborgar er aðgengileg á heimasíðu leikskólans, sjá [hér](#).

## 5. Hugmyndafræði Tröllaborgar

Hugmyndafræði Tröllaborgar er byggð á kenningum Johns Dewey og Lev Vygotsky. Dewey lagði áherslu á það að lifa og læra væru samofnir þættir og börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Vygotsky lagði áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns annars vegar og fullorðins eða eldri barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.

Aðaláherslur í starfi Tröllaborgar eru: leikur, læsi, umhverfismennt, sköpun og félagsleg færni.

## 6. Að byrja í leikskóla - aðlögun

Aðlögun barna er nánast í hvaða mánuði sem er, en þó ekki í desember og seinni hluta júní.

Aðlögun er einn þáttur í uppeldisstarfinu og skiptir miklu máli fyrir líðan barnsins hvernig til tekst. Á meðan barnið er í aðlögun er lagður grunnur að gagnkvæmum kynnum, trausti og virðingu á milli foreldra og leikskóla. Markmiðið er að efla öryggiskennd og vellíðan barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum milli fjölskyldu barnsins og leikskólans.

Aðlögun tekur yfirleitt eina viku og eru tímasetningar skipulagðar í samráði við foreldra.

## 7. Leikur og starf

Daglegt líf í leikskólanum markast af venjubundnum athöfnum sem lúta að andlegum og líkamlegum þörfum barnanna. Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi sem þó er sveigjanlegt eftir aðstæðum.

Dagskipulag í Tröllaborg	
07:45 - 08:30	Rólegur leikur inni
08:30 - 09:00	Morgunmatur
09:00 - 10:15	Útivist

10:15 - 10:30	Ávextir
10:30 - 11:30	Skipulagt starf/Leikur
11:30 - 12:00	Samverustund
11:45 - 12:40	Hádegismatur
12:15 - 13:00	Lestur/róleg stund
13:00 - 15:00	Skipulagt starf/Leikur úti/inni
14:45 - 15:15	Nónhressing
15:15 - 16:15	Leikur inni/úti

### **Að koma og fara**

Lögð er mikil áhersla á að taka vel á móti hverju barni þegar það kemur í leikskólann og því heilsað með nafni, svo það finni að það er velkomið. Það viðmót sem barnið mætir þegar það kemur í leikskólann getur haft úrslitabýðingu varðandi góð samskipti og tengsl. Þegar börnin fara eru þau einnig kvödd með nafni. Það er mikilvægt að barnið fari sátt heim og hlakki til að koma aftur.

Þegar foreldrar koma með barnið í leikskólann er mikilvægt að þeir fylgi barninu til starfsmanns. Þegar barnið er sótt er mikilvægt að láta starfsmann vita.

Einnig eru foreldrar beðnir um að láta vita ef einhver annar en þeir sjálfir koma með eða sækja barnið. Ekki er æskilegt að börn yngri en 12 ára sækji barn í leikskólann. Ef þannig vill til þá er það algjörlega á ábyrgð foreldra.

### **Matmálstímar**

Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldislegt gildi og eiga að vera notaleg stund þar sem öllum líður vel. Börnin aðstoða við undirbúning máltíðanna svo og frágang. Þjónn er valinn daglega og skiptast börnin á að vera í því hlutverki. Börnin eru hvött til að smakka á öllu sem er á boðstólum. Áhersla er lögð á að matseðillinn sé fjölbreyttur og í samræmi við ráðleggingar embættis landlæknis um mataræði. Börnin fá ávexti tvisvar til þrisvar á dag, grænmeti með hádegismatnum, kornmeti og mjólkurvörur í morgunmat. Fiskur er tvisvar og einnig kjöt. Einu sinni í viku er léttari máltíð s.s. ýmiss konar spónamatur,

pastaréttir eða grænmetisréttir. Vatn er með öllum máltíðum og einnig er mjólk í boði þegar fiskur er í matinn, nónhressingu og morgunmat.

### **Hvíld**

Nægjanlegur og reglulegur svefn er öllum börnum nauðsynlegur. Leikskóladagurinn er langur og því er nauðsynlegt að börnin fái þá hvíld sem þau þurfa á að halda svo þau hafi úthald til að takast á við daginn.

Misjafnt er hversu mikla hvíld börnin þurfa. Öll börn yngri en tveggja ára fara í hvíld. Þau börn sem þurfa að sofna með snuð eða einhvern sérstakan hlut mega taka það með sér í leikskólann. Eldri börnin eiga rólega stund og lesin er fyrir þau saga.

### **Hreinlæti**

Hreinlæti er mikilvægur þáttur í daglegu lífi barnanna og er þeim hjálpað við að tileinka sér almennar hreinlætisvenjur. Við byrjum daginn á því að allir þvo sér um hendur þegar þeir mæta í leikskólann. Börnin þvo sér um hendur eftir útiveru, fyrir matmálstíma og eftir salernisferðir.

### **Frágangur og snyrtimennska**

Einn liður í uppeldi og menntun barnanna er að þau læri að ganga frá fatnaði sínum og leikefni. Á þann hátt læra þau að bera ábyrgð á þeim leikefnum sem þau hafa valið sér.

### **Samverustundir/söngstundir**

Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra.

### **Hópastarf**

Hópastarf er þrisvar í viku yfir vetrartímann. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og eru verkefnin og vinnan miðuð við hvern aldurshóp. Viðfangsefnin eru mismunandi og taka mið af skólanámskrá, nánar má lesa um það í starfsáætlun leikskólans.



## **Skólahópur**

Unnið er sérstaklega með elstu börn leikskólans í skólahóp og er markmiðið með honum að gera börnin færari að takast á við grunnskólagönguna.

Mikil samvinna er við grunnskólann með það að markmiði að skapa samfellu milli skólastiganna. Tröllaborg og Grunnskólinn austan Vatna hafa gert sér skólanámskrá sem má lesa nánar á heimasíðu Tröllaborgar.

## **Leikurinn**

Börnin ákveða sjálf í hvaða leikjum þau leika sér. Þau eru hvött til að nota ímyndunarafl sitt, hugsun, sköpunargleði og skynjun til að uppgötva heiminn á margvíslegan hátt.

## **Útivera**

Útivera er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu og er fastur liður í daglegu starfi. Börnin fara í útivist að lágmarki einu sinni á dag en það fer eftir veðri hve löng útiveran er. Í útiveru gefast einnig ótal tækifæri til náms og hreyfileikja.

## **Vettvangsferðir**

Börn fá snemma áhuga á sínu nánasta umhverfi og vilja fræðast meira um það. Ferðir um nágrenni leikskólans víkkar áhuga þeirra og sjóndeildarhring. Börnin fara reglulega í vettvangsferðir í leikskólanum, ýmist í litlum eða stórum hópum. Öll börn eru slysatryggð í þeim ferðum sem farnar eru á vegum leikskólans.

## **Útikennsla**

Við leggjum áherslu á að börnin læri að ganga um náttúruna. Einu sinni í viku er útikennsla hjá tveimur elstu árgöngum leikskólans þar sem unnið er að ýmsum verkefnum.

## **SMT**

Markmið SMT - skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og að samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

## **Læsi**

Haustið 2017 var gefin út lestrarstefna fyrir leik-, grunn- og tónlistarskóla Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Slagorð lestrarstefnunnar er „Lestur er börnum bestur“. Lestrarstefnan var send inn á hvert heimili skólabarna í Skagafirði og er einnig aðgengileg á heimasíðu Sveitarfélagsins. Í leikskólanum Tröllaborg er unnið eftir lestrarstefnunni og lögð er mikil áhersla á bernskulæsi.

## **Sköpun**

Í leikskólanum er lögð sérstök áhersla á að hvert barn fái að njóta sín á sínum eigin forsendum. Allir fá tækifæri til að koma sínum hugmyndum og sköpun á framfæri á fjölbreyttan hátt.

## **8. Hátíðir og hefðir**

### **Afmæli barnanna**

Á afmældaginn er flaggað, barnið fær afmæliskórónu og afmælissöngurinn er sunginn. Afmælisbarnið fær sparidisk og glas í morgunmat og í hádeginu.

### **Nóvemberskemmtun**

Börnin í Brúsabæ taka þátt í nóvemberskemmtun Grunnskólans að Hólum og elstu börnunum í Barnaborg býðst einnig að taka þátt.

### **Piparkökuskreyting**

Börnin baka piparkökur fyrir jólin og svo eru þær skreyttar með glassúr í skemmtilegum litum.

### **Litlu jólin**

Litlu jólin eru með mismunandi hætti eftir deildum.

**Í Tröllaborg í Hofsósi** er dansað í kringum jólatréð, jólasveinar koma í heimsókn og færa börnunum glaðning frá foreldrafélaginu. Þá er borðaður sannkallaður jólamatur í hádeginu.

**Í Tröllaborg á Hólum** byrja litlu jólin fyrir hádegi inni á deild, þar sem lesin er saga, sungið og börnin fá pakka sem foreldrafélagið sér um að útbúa. Í hádeginu er sameiginleg jólamáltíð með börnum og starfsfólki grunnskólans. Eftir hádegið

tekur foreldrafélagið við og sér um jólatrésskemmtun þar sem dansað er í kringum jólatréð og jólasveinarnir koma í heimsókn.

### **Dagur leikskólans**

Dagur leikskólans, 6. febrúar er haldinn hátíðlegur um land allt til að minna á það mikilvæga starf sem fer fram í leikskólum landsins. Þessi dagur var valinn vegna þess að 6. febrúar 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Einkunnarorð dagsins eru „Við bjóðum ykkur góðan dag – alla daga“.

### **Þorrablót**

Haldin eru þorrablót þar sem boðið er upp á þjóðlegan mat. Börnin búa sér til víkingahjálma og sungin eru þorralög.

### **Öskudagur**

Öskudagurinn er með svipuðum hætti á báðum deildum, börnin mæta í leikskólann í grímubúningi. Á báðum deildum fer skólahópurinn með grunnskólabörnunum í heimsókn í fyrirtæki og gleðja starfsmenn þar með söng. Á meðan á því stendur fá yngri börnin að njóta sín í leik í grímubúningunum. Síðan er kötturinn sleginn úr tunnunni og krýndur kattarkóngur.

Eftir hádegi er elsta árgangi leikskólans boðið á grímuball í Höfðaborg og sér nemendafélag grunnskólans um að skipuleggja þá skemmtun.

### **Málverkasýning og brautskráning**

Á vorin er sett upp heilmikil sýning á verkum nemenda sem þeir hafa unnið yfir veturinn. Einnig er tekin ein til tvær vikur í þemavinnu þar sem unnið er með eitthvað afmarkað verkefni t.d. húsdýr, umhverfisverkefni eða hvað annað sem okkur dettur í hug. Í maí er haldin stór listaverkasýning á afrakstri vetrarins.

Brautskráning nemenda er samhliða brautskráningu grunnskólabarnanna, nemendur eru kvaddir með trjáplöntu og kveðjuskjali.

## **9. Hagnýtar upplýsingar**

Á töflum og heimasíðu er ýmsum upplýsingum komið á framfæri til foreldra og eru þeir beðnir um að fylgjast vel með því sem þar kemur fram. Einnig sendir deildarstjóri vikulega tölvupóst til allra foreldra.

## Mánaðarskipulag - Matseðill

Leikskólinn gefur út mánaðarskipulag og matseðil sem birt er á heimasíðunni, upplýsingatöflu leikskólans og í vikulegum tölvupósti deildarstjóra. Þeir foreldrar sem ekki hafa aðgang að internetinu geta fengið þessi bréf útprentuð.

### Forstofa

Við upphaf og í lok hvers dags eru foreldrar beðnir um að ganga vel frá fötum og skóm barna sinna. Töskur, útifatnað og skó má geyma í hólfum barnanna yfir vikuna en í lok dags á föstudögum þá þurfa foreldrar að tæma hólf barnanna. Það er nauðsynlegt til að foreldrar hafi betri yfirsýn yfir hvað barnið er með í leikskólanum og einnig svo hægt sé að þrifa fatnaðinn yfir helgina.

### Klæðnaður

Mikilvægt er að klæðnaður barnanna sé þægilegur og þarf klæðnaðurinn að vera í samræmi við veðurfar. Nauðsynlegt er að barnið hafi alltaf með sér aukafatnað bæði inni- og útiföt. Leikskólinn er vinnustaður barnanna og unnið með ýmiskonar efni, gott er því að hafa í huga að fatnaður getur orðið fyrir hnjaski og æskilegt að börnin komi ekki í of fínnum fatnaði í leikskólann. Leikskólinn tekur ekki ábyrgð á fatnaði sem í fer málning eða önnur efni sem unnið er með, eða ef fötin verða fyrir öðrum skemmdum í leikskólanum. Barnið þarf að hafa með sér hlífðarföt miðað við veðurfar þann daginn og aukaföt frá toppi til táar og einnig skófatnað við hæfi. Í hólfum barnanna eru körfur fyrir aukaföt með miða sem stendur á hvað eigi að vera í körfunni.

Það sem á að vera í körfunni:
2 nærbuxur
1 bolur
2 pör sokkar/sokkabuxur
1 buxur
1 peysa
1 hlý peysa
3 pör vettlingar
1 par hlýir sokkar
1 húfa

Þegar vanta fer aukaföt er merkt við á körfu barnsins hvað vantar. Góð regla er að koma daginn eftir með þau aukaföt sem barnið notaði deginum áður. Fái barnið lánaðan taupoka í leikskólanum skal þvo hann og skila sem allra fyrst. Nauðsynlegt er að merkja föt, skó og stígvél greinilega því mörg börn eru með svipaðan fatnað.

### **Bleiur**

Foreldrar þeirra barna sem nota bleiur koma með þær í leikskólann en **ekki** buxnableiur. Börnin mega koma með buxnableiur á sér á morgnana þegar þau koma, en í leikskólanum eru buxnableiur ekki notaðar. Þegar fer að vanta bleiur er settur miði á hólf barnanna.

### **Fjarvistir - Veikindi barna**

Tilkynna þarf um fjarvistir barnsins hvort heldur um er að ræða veikindi eða frí. Ef börnin vilja ekki koma í leikskólann er nauðsynlegt að láta kennara vita svo hægt sé að finna orsökina og vinna að lausn vandans.

Óski foreldrar eftir að börnin taki frí í leikskólanum utan sumarleyfis er það heimilt en greiða samt sem áður fullt vistunargjald.

### **Veikindi**

Leikskólinn er ekki ætlaður veikum börnum fremur en aðrir skólar. Eftir mikil og langvarandi veikindi þá á barnið að vera að lágmarki einn dag heima hitalaust. Eftir slík veikindi er hægt að óska eftir einum degi í inniveru. Mikil veikindi eru þegar barnið hefur verið frá leikskóla að lágmarki 3 daga. Einnig er hægt að óska eftir styttri útiveru í einn dag eftir veikindi, sem er þannig að barnið fer síðast út og fyrst inn.

Ávallt skulu hagsmunir barnsins vera í fyrirrúmi og gott að hafa í huga að ef barnið er ekki nægilega hraust til útiveru er það tæpast nógu hraust til að koma í leikskólann og vera þátttakandi í allri vinnunni sem þar fer fram.

**Ekki** er boðið upp á inniveru til að fyrirbyggja veikindi.

*Barn á ekki að koma í leikskólann ef:*

- Barnið er með hita.
- Barnið er með kvef, hósta og að minnsta kosti eitt af eftirtöldum einkennum til viðbótar:, slappleika, höfuðverk, beinverki, þreytu, kviðverki og/eða niðurgang.

### **Hliðið og aðkeyrslan**

Við viljum minna foreldra á að börnin eiga **ekki** að opna hliðið og alls ekki að klifra á því. Þetta er öryggisatriði því ef börnin fá að opna hliðið þegar þau koma, því skyldu þau þá ekki mega það yfir daginn líka að þeirra mati.

Í Tröllaborg á Hólum viljum biðja ykkur um að leggja bílunum ykkar ekki fyrir innkeyrsluna þegar þið komið með eða sækid börnin ykkar. Þetta er stæði fyrir fatlaða og eins þarf að vera greiður aðgangur fyrir sjúkrabíl. Einnig er merkt stæði við hornið á skólahúsinu og það er einungis fyrir fatlaða.

### **Útblástur**

Vegna mengunar frá útblæstri bifreiða eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að stöðva vélina í bíl sínum meðan þeir koma með eða sækja börnin sín í leikskólann.

### **Dýrahald**

Hundar eða önnur dýr mega ekki að koma inn á leikskólalóðina. Vinsamlegast skiljið dýrin eftir í bifreiðunum eða bindið fyrir utan hliðið.

### **Óhöpp og slys**

Börn í leikskólum Skagafjarðar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum. Börnin eru tryggð í öllum vettvangsferðum hvort heldur sem farið er gangandi, í rútu eða í einkabílum.

Ef barn verður fyrir slysi eða veikist er haft samband við foreldra. Ef um alvarlegt slys er að ræða er farið með barnið beint á sjúkrahúsið og foreldrar jafnframt látnir vita.

## **Sérfæði**

Ef barn þarf að vera á sérfæði vegna óþols eða ofnæmis þá þarf að skila inn vottorði frá lækni í byrjun hvers skólaárs.

## **Móttaka lyfja**

Ekki eru gefin lyf í leikskólanum nema til komi vottorð frá lækni um að lyfjagjöf sé lífsnauðsynleg þann tíma sem að barnið dvelur í leikskólanum. Ef lyfjagjöf er lífsnauðsynleg á leikskólatímanum, þá er foreldrum/forráðamönnum skylt að afhenda kennara lyfið og þarf hann að kvitta fyrir móttöku þess, tegund og magni, þetta á þó ekki við um astmapúst eða lyf vegna flogaveiki.

## **Foreldraviðtöl**

Þegar barn byrjar í leikskólanum fá foreldrar samtál við leikskólastjóra, deildarstjóra eða aðlögunaraðila barnsins. Í þessu samtál gefa foreldrar upplýsingar um barnið og hagi þess og fá upplýsingar um starfsemi leikskólans. Foreldrar skrifa þá einnig upp á dvalarsamning um veru barnsins í leikskólanum. Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, nóvember og mars. Tilgangur foreldrasamtals er að veita gagnkvæmar upplýsingar um barnið og líðan þess í leikskólanum, hæfni þess og þroska. Þó foreldrasamtöl séu auglýst tvisvar á ári geta foreldrar eða deildarstjóri óskað eftir fleiri samtölum ef þurfa þykir.

## **Dvalartími**

Boðið er upp á fjóra til átta og hálfan tíma að jafnaði á dag.

## **Leikskólagjöld**

Leikskólagjöldin ber að greiða fyrirfram og er eindagi 15. hvers mánaðar. Leikskólagjöld eru yfirleitt innheimt með gíróseðli en einnig geta foreldrar óskað eftir að fá að greiða með greiðslukorti og þurfa þá að hafa samband við innheimtufulltrúa Sveitarfélagsins. Þó svo barnið mæti ekki í leikskólann verða foreldrar samt sem áður að greiða vistunargjaldið. Ef tveir mánuðir eru ógreiddir er barninu sagt upp leikskólaplássinu.

Sæki foreldrar barn sitt eftir umsaminn dvalartíma oftast en tvisvar á hverju 30 daga tímabili greiða þeir 1.200 krónur í sektargjald og hvert skipti eftir það. Þetta gildir líka ef komið er með barnið fyrir umsaminn vistunartíma.

Uppsagnarfrestur á leikskólaplássi er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Skal uppsögn komið til leikskólastjóra eða deildarstjóra á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast í leikskólanum. Hafi reglum um uppsagnarfrest ekki verið fylgt er heimilt að krefjast eins mánaðar greiðslu.

### **Breyting á vistunartíma**

Ef foreldrar óska eftir breytingum á vistunartíma barnsins þurfa foreldrar að tilkynna það til leikskólastjóra eða deildarstjóra fyrir 15. hvers mánaðar. Ávallt er reynt að koma til móts við óskir foreldra.

### **Þegar börn hætta í leikskólanum**

Þegar börn hætta í leikskólanum er þeim heimilt að halda upp á það ef þau vilja með því að bjóða t.d. upp á ís, popp, snakk eða köku.

### **Skipulagsdagar – námskeiðsdagar**

Leikskólinn lokar í 6 heila daga á ári. Samkvæmt kjarasamningi og samþykktum fræðslunefndar hefur starfsfólk leikskóla rétt á 4 skipulagsdögum, einum sameiginlegum námskeiðsdegi fyrir alla leikskóla í Skagafirði og haustþingi sem er sameiginlegt með öllum leikskólum á Norðurlandi vestra.

Skipulagsdagarnir eru notaðir í undirbúning uppeldisstarfsins og í endurmat á starfseminni. Einum skipulagsdegi er skipt upp og vinnur starfsfólk hann af sér og tekur frí f.h. á aðfangadag og á gamlársgdag.

Foreldrum er tilkynnt um þessa daga í byrjun haustannar og svo aftur með minnsta kosti viku fyrirvara. Einnig er hægt að sjá þetta á skóladagatali leikskólans á heimasíðunni.

### **Starfsmannafundir**

Starfsmannafundir og deildarfundir eru haldnir eftir lokun á leikskóla á daginn og í staðinn lokum við þrjá daga yfir veturinn, tveir vegna starfsmannafunda og einn vegna deildarfunda. Þessir dagar eru auglýstir á skóladagatali sem kemur út á vorin.



## **Óveður**

Ef óveður er, eru foreldrar beðnir um að hringja í leikskólann áður en lagt er af stað með börnin og kanna hvort einhver sé á staðnum til að taka á móti þeim. Við höfum gert óveðursáætlun sem sjá má [hér](#).

## **10. Foreldrasamvinna**

Mikilvægt er að góð samvinna takist strax í byrjun milli foreldra barns og starfsfólks. Gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel.

Við viljum að foreldrar finni sig ávallt velkomna í leikskólann og leggjum áherslu á góð samskipti. Foreldrar geta alltaf hringt í leikskólann til þess að spyrjast fyrir um líðan barnsins, eins mun starfsfólk leikskólans hringja ef eitthvað sérstakt kemur upp á.

Athugið!! Allt starfsfólk leikskólans er bundið þagnarskyldu.

### **Foreldrafundur**

Almennur foreldrafundur er á haustin þar sem starfsfólk leikskóla kynnrir starfsemi vetrarins.

### **Foreldrakaffi**

Foreldrakaffi er einu sinni til tvisvar á vetri þar sem foreldrum er boðið að þiggja kaffisopa og smá veitingar hjá börnunum.

### **Voruppákoma**

Á **Hólum** er sameiginleg matarveisla beggja skólastiga og er hún í síðust viku áður en grunnskólinn fer í sumarfrí.

Á **Hofsósi** sér foreldrafélagið um grillveislu fyrir sumarfrí.

### **Foreldrafélag**

Foreldrafélög eru starfrækt við báðar deildir leikskólans. Markmið þeirra er að efla tengsl foreldra og kennara, auka þátttöku foreldra í starfi leikskólans og tryggja velferð barnanna sem best.

Um leið og barnið byrjar í leikskólanum verða foreldrar sjálfkrafa félagar í félaginu. Hægt er að sjá hverjir sitja í stjórn foreldrafélaganna á heimasíðu leikskólans.

### **Foreldraráð**

Samkvæmt lögum á að vera foreldraráð við hvern leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Vegna smæðar leikskólans eru einungis tveir foreldrar einn frá hvorri starfsstöð. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Hlutverk foreldraráðs er samkvæmt lögum að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

### **Áheyrnarfulltrúi í fræðslunefnd**

Á þriggja ára fresti þurfa foreldra barna í leikskólanum að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa í fræðslunefnd Sveitafélagsins.

## **11. Samstarf leik- og grunnskóla**

Mikið og gott samstarf er við grunnskólann. Leikskólinn fær notið góðs af danskennslu grunnskólans sem fær til sín danskennara og geta foreldrar/foreldrafélag keypt danstíma fyrir leikskólabörnin. Einnig er öllum deildum boðið að taka þátt í ýmsum tónlistarveislum og ýmsum öðrum upptákómum sem fram fara í grunnskólanum.

## **12. Lokaorð**

Ágætu foreldrar, það er ósk okkar að þessi handbók veiti ykkur einhverja innsýn í það starf sem fram fer í leikskólanum. Handbók sem þessi getur aldrei verið tæmandi og hvetjum við foreldra eindregið til þess að spyrja og ræða við okkur um óljós atriði. Frekari upplýsingar er einnig að finna í skólanámskrá leikskólans á heimasíðunni, einnig er hægt að fá skólanámskrána lánaða í leikskólanum. Við

viljum svo hvetja foreldra til að gefa sér góðan tíma og staldra við í leikskólanum þegar komið er með börnin og þau sótt.

Með kærri kveðju og ósk um gott samstarf  
Starfsfólk Tröllaborgar